

Jón Þrándur Stefánsson

Frá: Björn Sigurður Lárusson <bjorn.sigurdur.larusson@langanesbyggd.is>
Sent: föstudagur, 12. janúar 2024 12:05
Til: Jón Þrándur Stefánsson
Afrit: Sigurður Þór Guðmundsson
Efni: Afgreiðsla sveitarstjórnar Langanesbyggðar
Viðhengi: 06.1) Svar ráðuneytisins við sérreglum.pdf; 06) Langanesbyggð - tillaga að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta 23 24.pdf

Sæll Jón Þrándur

Vísa til svars ráðuneytisins vegna „tillögu að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta“

Byggðaráð Langanesbyggðar bókaði eftirfarandi rökstuðning á 20. fundi sínum í gær varðandi svör ráðuneytisins:

6. Svar matvælaráðuneytisins við tillögu að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta fyrir árið 2023-2024

Ráðuneytið hefur farið yfir tillögur sveitarstjórnar varðandi sérreglur byggðakvóta. Það er álit ráðuneytisins að rökstuðningur fyrir þessum tillögum sé ekki fullnægjandi og því er sveitarfélaginu hér með gefinn kostur á að rökstyðja tillögur sínar frekar. Einkum er um að ræða að rökstuðning vantar fyrir þeim tillögum sem koma fram í 1. gr. og varða breytingar á C -lið: „Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2023 og greiddu að lágmarki einum einstakling með lögheimili í sveitafélaginu laun í að lágmarki 3 mánuði árið 2023.“

Bókun um afgreiðslu: Það er skýrt markmið reglugerðarinnar að byggðakvóta skal úthluta til fiskiskipa sem starfa sannarlega í viðkomandi byggðalagi, s.br. ákvæði um að útgerð og eigendur skuli hafa lögheimili í viðkomandi byggðalagi. Nú er það svo, að einfalt er að skrá heimili lögaðila í viðkomandi byggðalagi. Því leggur Langanesbyggð það til eftirfarandi breytingu við sérstök skilyrði; að til viðbótar komi sú kvöð á viðkomandi sýni fram á að lágmarki hafi einum einstakling verið greidd laun í viðkomandi byggðalagi í að lágmarki 3 mánuði á árinu 2023, og lítur Langanesbyggð á að reiknað endurgjald séu laun í þeim skilningi.

Það er eitt af markmiðum byggðakvótans að tryggja atvinnu við sjósókn og fiskvinnslu í byggðalögunum með aðgengi að fiskveiðiauðlindinni. Það styrkir grundvöll atvinnulífsins og byggðanna og lágmarks krafa að þeir aðilar greiði laun í byggðalaginu eða reikni sér endurgjald....

Samþykkt samhljóða.

Kv



LANGANESBYGGÐ

Björn S. Lárusson

Sveitarstjóri

S. 468 1220 & 894 2187

Frá: Jón Þrándur Stefánsson <jon.stefansson@mar.is>

Sent: fimmtudagur, 4. janúar 2024 16:07

Til: Björn Sigurður Lárusson <bjorn.sigurdur.larusson@langanesbyggd.is>

Efni: Re: Afgreiðsla sveitarstjórnar Langanesbyggðar

Sæll Björn,

Ráðuneytið hefur farið yfir tillögur sveitarstjórnar varðandi sérreglur byggðakvóta. Það er ráðuneytisins að rökstuðningur fyrir þessum tillögum sé ekki fullnægjandi og því er sveitarfélaginu hér með gefinn kostur á að rökstyðja tillögur sínar frekar. Einkum er um að ræða að rökstuðning vantar fyrir þeim tillögum sem koma fram í 1. gr. og varða breytingar á C-lið: „Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2023 og greiddu að lágmarki einum einstakling með lögheimili í sveitafélaginu laun í að lágmarki 3 mánuði árið 2023.“

Til þess að ráðuneytið geti tekið þessar tillögur til efnislegrar umfjöllunar þá þarf að liggja fyrir áhrifamat á þessari tillögu. Til dæmis er vert að benda á að í sumum tilvikum eru þeir aðilar sem etv. gætu átt rétt á úthlutun byggðakvóta einstaklingar sem eru með útgerð skráða á eigin kennitölu og reikna sér reiknað endurgjald sem ekki er skilgreint sem laun. Með slíkri tillögu væri mögulega verið að útiloka slíka aðila frá úthlutun byggðakvóta í viðkomandi byggðarlagi og þá þarf að liggja fyrir fullnægjandi rökstuðningur sem byggist á málefnalegum og staðbundnum ástæðum. Hvort slíkt geti átt við varðandi Langanesbyggð skal ekki fullyrt um að svo stöddu en í öllum tilvikum þarf áhrifamat að liggja fyrir.

Varðandi önnur atriði í tillögum sveitarstjórnar þá er það mat ráðuneytisins við fyrstu sýn að unnt væri að fallast á önnur atriði í tillögum sveitarstjórnar enda eru þær tilljögur í samræmi við áður samþykktar sérreglur.

Veittur er 14 daga frestur til að senda inn frekari rökstuðning.

Ef eitthvað er óljóst varðandi þetta ekki þá hika við að hafa samband.

Með kveðju,
Jón Þrándur



Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur / Special Advisor
Skrifstofa sjávarútvegs / Department of Fisheries
Matvælaráðuneyti / Ministry of Food, Agriculture and Fisheries
Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9700
www.mar.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Tilvísun í mál: MAR23110205

Frá: Björn Sigurður Lárusson

Til: Matvælaráðuneyti

Sent: 15.12.2023 09:55:31

Efni: Afgreiðsla sveitarstjórnar Langanesbyggðar

Ágæta ráðuneytisfólk

Meðfylgjandi er afgreiðsla á tillögum sveitarstjórnar Langanesbyggðar um sérstök skilyrði (sérreglur) vegna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2023-2024.

Hér fyrir neðan er bókun frá 23. fundi sveitarstjórnar 14.12.2023 – Tillögurnar eru í viðhengi á pdf skjali.

5. Bréf matvælaráðuneytisins um úthlutun byggðakvóta fyrir fiskveiðiaríð 2023-2024

05.1 Leiðbeiningar um sérreglur byggðakvóta frá 01.12.2023

Gunnlaugur lýsir yfir vanhæfi og óskar eftir að víkja af fundi. Hjörtur Harðarson kemur inn sem varamaður. Samþykkt samhljóða.

Matvælaráðherra hefur sent út bréf með úthlutun byggðakvóta fyrir fiskveiðiaríð 2023-2024 ásamt leiðbeiningum um þær sérreglur sem gilda um úthlutunina.

Til máls tóku: Þorsteinn, oddviti, Þorsteinn, oddviti, Þorsteinn, oddviti, Þorsteinn, oddviti, Þorsteinn.

Bókun fulltrúa L-lista: Fulltrúar L-lista leggja til breytingu á 7. greininni og að hún hljóði eins og sveitarstjórn samþykkti á 11 fundi sínum dags. 19.01.2023

Viðaukatillaga L-lista: Ákvæði 1. mli. 1. mgr. 7.greinar orðast þá svo: Fiskistofu er heimilt að úthluta aflmarki fiskiskips á grundvelli afla annars skips, sem skráð er í sama sveitarfélagi, og er í eigu sama lögaðila. 2. mli. 1. mgr. 7. greinar orðist svo: Jafnframt er heimilt að flytja rétt til úthlutunar aflamarks milli skipa, sem skráð er í sama sveitarfélagi, og er í eigu sama lögaðila.

Atkvæðagreiðsla með viðaukatillögu: Með: Þorsteinn, Mirjam, Júlíus. Á móti: Sigurður, Halldóra, Hjörtur, Margrét.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir að senda eftirfarandi tillögu til matvælaráðuneytisins vegna sérstakra skilyrða fyrir úthlutun á byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023/2024.

Samþykkt samhljóða.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Með kveðju



LANGANESBYGGÐ

Björn S. Lárusson

Sveitarstjóri /Mayor

S./Tel +354 468 1220 & +354 894 2187